

**Fundargerð 33. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 20. janúar 2017, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnea Guðmundsdóttir, Berglind Kristinsdóttir, Sigrún Elefsen, Þuríður H. Aradóttir og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri).

**1. Gestastofur Reykjanes Geopark**

Rætt um staðsetningu mannalausra gestastofa.

**2. Vetrarfundur Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjaness 2017**

Rætt um Vetrarfund Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjaness 2017 sem fram fer í Hljómahöll 16. febrúar nk.

**3. Tilnefningar til nýsköpunar- og hvatningarverðlauna ferðaþjónustunnar á Reykjanesi 2017**

Lagðar fram tilnefningar til nýsköpunar- og hvatningarverðlauna annars vegar og þakkarverðlauna ferðaþjónustunnar á Reykjanesi 2017 hins vegar. Samþykkt að veita Vitanum og Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum nýsköpunar- og hvatningarverðlaunin og að Johan D. Jónsson hljóti þakkarverðlaunin. Magnea Guðmundsdóttir vék af fundi undir þessum lið þar sem Bláa Lónið var tilnefnt til verðlaunanna.

**4. Fjárlög 2017**

Rætt um fjárlög fyrir árið 2017. Stjórnin gerir þá kröfu að samræmis sé gætt við úthlutun fjármagns úr ríkissjóði. Reykjanes Geopark verður árið 2017 eina íslenska svæðið á listum UNESCO sem ekki er á fjárlögum. Stjórnin hefur jafnframt óskað eftir því við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að landvarsla verði aukin á Reykjanasskaga vegna vaxandi fjölda ferðamanna allt árið.

**5. Framkvæmdir 2017**

Rætt um stöðu þeirra framkvæmda sem áætlað var að ljúka 2016. Framkvæmdir við Brimketil hafa tafist vegna veðurs. Vinna er hafin við bílastæði við Reykjanesvita og mun framkvæmdum ljúka innan þriggja vikna. Rætt um stöðu framkvæmda sem eru á áætlun 2017.

**6. Landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2020**

Lögð fram gögn vegna undirbúnings að vinnslu áætlunar um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2020.

**7. Ábyrg ferðaþjónusta**

Lagt fram erindi frá Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð varðandi sáttmála um ábyrga ferðaþjónustu. Framkvæmdastjóra falið að undirrita sáttmálann. Fyrirtæki á svæðinu eru hvött til þess að gera slíkt hið sama.

## 8. Styrkir úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja

Reykjanes Geopark fékk úthlutað styrk að upphæð 2.000.000 kr. til að vinna í verkefninu „Geopark fyrirtæki“. Markmiðið er að vinna að samstarfssamningum við fyrirtæki á svæðinu. Fyrirtækin sem undirrita samninginn fá leyfi til þess að nýta merki Reykjanes UNESCO Global Geopark í markaðssetningu sinni.

Reykjanes Geopark er einnig samstarfsaðili í þremur öðrum verkefnum, þ.e. "Gagnvirkir fræðslustígar á Reykjanesi" sem miðar að því að kortleggja og skilgreina hentuga stíga og mynda þá með 360° myndavélum í samstarfi við Google Education. Verkefnið hlaut styrk að upphæð 1.500.000 kr. , "Reykjanesviti - Skjaldarmerkið heim" sem snýr að því að koma skjaldarmerki Danakonungs aftur fyrir á Reykjanesvita. Verkefnið hlaut styrk að upphæð 1.000.000 kr. "Náttúru- og menningarperlur Reykjanes í máli og myndum" sem gengur út á að opna vefsíðu með ljósmyndunum auk ýmsum öðrum nýjungum af helstu náttúru- og menningarperlum á Reykjanesi. Verkefnið hlaut styrk að upphæð 1.000.000 kr.

## 9. Kynning frá Minjastofnun Íslands

Á fundinn mættu Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og Þór Hjaltalín verðandi minjavörður Suðurnesja.

## 10. Þakkir til Róberts Ragnarssonar

Stjórnin færir Róberti Ragnarssyni þakkir fyrir vel unnin störf í þágu Reykjanes Geopark. Hann hefur lagt mikið á sig við uppbyggingu geoparksins og verið formaður stjórnar frá upphafi.

Róbert óskar að eftirfarandi verði bókað:

Það hefur verið afar skemmtilegt og lærdómsríkt að vinna að framgangi Reykjanes Geopark. Verkefnið hefur gengið vel og við náð góðum árangri á þeim 5 árum sem við höfum unnið saman að verkefninu. Að mínu mati er samstarf sveitarfélaganna og fyrirtækja á svæðinu mikil verðmæti sem við verðum að viðhalda. Öll önnur verkefni eru háð því að samstarfið verði áfram svona gott.

Ég vil þakka stjórninni, og öllum þeim sem hafa unnið að verkefninu, fyrir frábært samstarf. Sérstaklega vil ég þakka Eggerti Sólberg fyrir náð og gott samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði: ESJ